

Gunnar Bjarnason leik um gagnrýnendur o.fl.



„Atvinnuöryggi lausráðinni leikmyndateiknara en nákvæmlega ekki neitt“.

Hefur gagnrýnin breytst eitt-hvað á þessum 25 árum, sem þú hefur unnið við leikmyndagerð?

— Gagnrýnin hefur breytst til batnaðar. Það er ekkert vafamál, en samt vantar mikið upp á að nóg sé gert.

Nú eiga gagnrýnendurnir að veita ykkur aðhald. Finnst þér þeir hafa brugðist skyldu sinni?

— Auðvitað eiga þeir að veita okkur aðhald, og mér finnst að það eigi að fjalla um þetta sem myndlist fyrst og fremst. Leikmyndalist fylgir allri annarri myndlist á hverjum tíma og hún breytist eftir tímabilum eins og öll önnur list. Þetta er ekki hlutur sem menn geta hrist fram úr erminni á einni kvöldstund, og meðal þess sem menn verða að kunna skil á, er húsagerðarlist, málalísta og búningateiknun, auk alhliða listar frá öllum tímabilum. Um það hvort gagnrýnendur hafi brugðist skyldu sinni vil ég ekkert segja, annað en það að það er e.t.v. of djúpt í árinna tekið að segja að þeir hafi brugðist. Þetta er allt saman í þróun eins og allt annað sem snertir leikhúsið og e.t.v. stendur þetta allt til bóta.


Stöðnun og andleg afvelta

Hvernig er með atvinnuögu-leika leikmyndateiknara?

— Eins og aðstæður eru í dag má segja að það sé útilokað að nokkur maður geti unnið fyrir sér með því að starfa eingöngu sem leikmyndateiknari, nema sá hinn sami sé fastráðinn við annað hvort leikhúsin eða sjónvarpið. Markaðurinn fyrir leikhúslísta-fólk er mjög þröngur hérlendis, og mitt álit er það að það væri strax til batnaðar, ef skipti milli starfa hjá fólki sem gegnir list-rænum störfum væru meiri en þau eru í dag. Mönnum hættir nefnilega til þess að staðna í starfi og verða andlega afvelta, ef þeir vita að ekkert nema ellin eða dauðinn getur leyst þá frá störfum.

Hefur þú orðið var við þessa stöðnun?

— Það má segja það, því að það tók mig langan tíma bara að komast frá Þjóðleikhúsinu. Ég var þá búinn að vinna á sama stað í 20 ár og á þessum 20 árum breyttist sáralítið, nema það að ég eltist um 20 ár. Breytingar í



„Það er e.t.v. of mikið sagt að gagnrýnendurnir hafi brugðist....“

leikhúsum hérlendis virðast taka óratíma og ástæðan fyrir því að ég hætti í Þjóðleikhúsinu var sú að ég hafði ekki áhuga á að lifa sjálfan mig þar.

Atvinnuöryggi leikmynda-teiknara virðist ekki vera mikið?

— Atvinnuöryggi leikmynda-teiknara sem vinna á frjálsum markaði er ekkert og það fer algjörlega eftir forráðamönnum leikhúsanna hverja þeir vilja fá til starfa.

Er ekki bráðnaðsýnlegt fyrir leikmyndateiknara að fylgjast með þróun mála erlendis?

— Það er algjörlega nauðsýnlegt til þess að halda einhverjum tengslum við það sem er að gerast og það er mitt álit að maður, sem fer ekki utan á a.m.k. þriggja ára fresti til þess að kynna sér nýjungar, dragist óhákvæmilega aftur úr.

Safn fyrir leikmyndlist

Hvað gerðir þú margar leikmyndir á þessum 20 árum sem þú vannst í Þjóðleikhúsinu?

— Ég gerði leikmyndir við samtals 44 verk á þessu tímabili, en leikmyndirnar sjálfar hafa verið miklu fleiri. Fleiri en ég get í fljótu bragði komið tölu á.

Nú hljóta að koma fyrir

skemmtileg atvik innan leikhússins. Eru þér einhver minnisstæðari en önnur?

Það eru alltaf skemmtileg atvik að gerast í leikhúsinu og þeim skemmtilegustu getur maður því miður ekki sagt frá, en það væri þó af nógu að taka.


Svona að lokum Gunnar. Er eitthvert eitt verkefna brýnna en annað í sambandi við leikmyndlist í dag?

— Það er eitt mál sem verður að hafa algjöran forgang, en það er það að koma upp safni fyrir

leikmyndlist hér á landi. Það er vitað að nú þegar hafa glatast óbætanlegar heimildir um leikmyndlist, t.d. frá fyrstu árum Þjóðleikhússins, og vafalaust á enn meira eftir að tapast ef ekki verður hið bráðasta unnið að því á skipulegan hátt að varðveita þau gögn sem til eru í dag. Ég myndi telja að hér væri verðugt verk að vinna fyrir Listasafn Íslands og vonandi er að takast megi í framtíðinni að varðveita þessa grein íslenskrar myndlistar sem best.

— ESE


hana. Hvort slíkt stafar af fálæti gagnvart verkinu eða þekkingarleysi, skal ég ekki dæma um, en eins og ég sagði, þá vantar mikið á, að okkar hlutverki í leikmyndunni séu gerð nægjanleg skil. Það má vera að hluti af sökinni liggja hjá okkur sjálfum og það er víst að okkur ber nauðsyn til að kynna rækilegar en gert hefur verið, mikilvægi leikmyndarinnar, verksins sem mótar yfirbragð hverrar leikmyndarinnar.



efur gert.

Myndir: G.E.

Saltsteinar fyrir búfé



Nauðsýnlegt er að hafa SALTSTEINA aðgengilega bæði í haganum og gripahúsunum svo öllum skepnum séu lögð skilyrði til að ná því salti, sem þörf krefur, auk steinefna. Saltsteinar eru með gati, svo auðvelt er að koma þeim fyrir svo að þeir nýtist vel, bæði utan húss sem innan.

Saltsteinar leysast ekki upp í votviðrum. Saltsteinar fást í þremur gerðum: Rockie, KNZ-hvítur og KNZ-rauður.

Saltsteinar fást í kaupfélögum um allt land.

	Rockie vorbeitarsteinn g pr. kg	KNZ-hvítur Fyrir alhliða notkun g pr. kg	KNZ-rauður fyrir ungvíði p pr. kg
Salt (NaCl)	980,00	989,00	983,00
Kopar (Ku)	0,14	0,40	0,40
Mangan (Mn)	0,17	0,80	0,80
Zink (Zn)	0,23	0,80	0,08
Kobalt (Co)	0,02	0,04	0,05
Joð (J)	0,14	0,04	0,08
Járn (Fe)		0,04	3,80
Magnium (Mg)	5,00		

Athugið að þar sem innihald Saltsteina er aðallega salt er augljóst, að þeir koma ekki í stað steinefnablandanna en eru ætlaðir til notkunar með þeim.

FÓÐURBLÖNDUNARSTÖÐ
SAMBANDSINS Sundahöfn sími 85616